

From: hjalti.johannes.gudmundsson@reykjavik.is
To: [Gréta Mar Jósepsdóttir](#)
Subject: Fw: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um óþrifnað eftir áramótabrennur - R20030121
Date: miðvikudagur, 22. apríl 2020 17:21:26

Reykjavík, 22. apríl 2020
USK2020030050

6.6.2

Borgaráð

Efni:

**Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa
Miðflokksins um óþrifnað eftir
áramótabrennur - R20030121**

Vísað er til fyrirspurnar áheyrnarfulltrúa Miðflokksins til borgarráðs um óþrifnað eftir áramótabrennur dagsett þann 12. mars 2020. Fyrirspurnin er svohljóðandi: *1. Hvers vegna er ekki búið að þrifa upp eftir áramótabrennur í Skerjafirði og á Ægissíðu? 2. Á eftir að þrifa upp eftir allar áramótabrennur í borginni? 3. Hvers vegna er ekki búið að fara í þetta verk í ljósi umhverfisstefnu borgarinnar og slysaættu sem af þessu stafar?*

1. Hvers vegna er ekki búið að þrifa upp eftir áramótabrennur í Skerjafirði og á Ægissíðu?

Ástæða þess að ekki var hreinsað eftir brennuna við Ægissíðu strax eftir áramót er að þar er haldin þrettándabrenna og notaður sami brennubotn fyrir báðar brennurnar. Í rigningarveðri um áramótin blotnuðu báðir brennubotnarnir mjög mikið og um þrettándann var komið mjög slæm tíð með óveðri og miklum kuldum og frusu brennubotnarnir enda mikið vatn í leirkenndu brennubotnsefninu. Það olli því að ekki var hægt að fjarlægja brennubotnana enda eins og steypuklumpar í þessu ástandi. Frá janúar hefur veður (frost), verkföll og mannfæð vegna Covid-19 valdið því að hreinsun brennubotnana hefur dregist en áætlanir gera ráð fyrir að verkinu verði lokið í fyrstu viku eftir Páska – miklu seinna en venjulega.

2. Á eftir að þrifa upp eftir allar áramótabrennur í borginni?

Hreinsun er lokið.

3. Hvers vegna er ekki búið að fara í þetta verk í ljósi umhverfisstefnu borgarinnar og slysaættu sem af þessu stafar?

Eins og kemur fram í svari við fyrstu fyrirspurn getur reynst erfitt að vinna verkið vegna aðstæðna. Þetta árið var óvenju óhagstætt að þessu leyti og tafðist verkið mikið vegna veðurs og ástands í þjóðfélaginu. Beðist er velvirðingar á tófum við afgreiðslu fyrirspurnarinnar.

Virðingarfyllst,

Hjalti J. Guðmundsson, skrifstofustjóri
reksturs og umhirðu borgarlandsins